

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Sjálfræði: Nauðsynlegt í áætlun lífsins

Öldungur Robert D. Hales
í Tólfpostulasveitinni

Nýlega fékk ég bréf frá vini mínum til 50 ára sem ekki er meðlimur kirkjunnar. Ég hafði sent honum nokkur trúarrit, og hann svaraði: „Upphaflega reyndist mér erfitt að átta mig á merkingu dæmigerðra hugtaka mormóna, eins og *sjálfræði*. Stutt orðabókarsíða hefði sennilega hjálpað.“

Ég varð undrandi yfir að hann skildi ekki merkingu orðsins *sjálfræði*. Ég skoðaði tölvuorðabókina. Af 10 skilgreiningum orðsins *sjálfræði* (agency) vísaði engin þeirra á hugmyndina að velja. Við kennum að sjálfræði sé þau forréttindi sem Guð gefur okkur að geta valið og „hafa sjálf áhrif, en verða ekki aðeins fyrir áhrifum.“¹ Sjálfræði er að vera ábyrgur, bera ábyrgð á gerðum sínum. Sjálfræði okkar er nauðsynlegt í áætlun sálhjálpunar. Með því er okkur „frjálst að velja frelsi og eilíft líf fyrir atbeina hins mikla meðalgöngumanns allra manna, eða velja helsi og dauða í samræmi við ánauð og vald djöfulsins.“²

Orð vel þekkt sálms kennir okkur þessa reglu mjög greinilega:

„Vitið að hverri sál er frjálst
að velja líf sitt og hvað hún verður.
Því sá eilífi sannleikur er gefinn
að Guð neyðir engan mann til himins.“³

Til að svara spurningu vinar míns og spurningum góðra karla og kvenna alls staðar, vil ég deila með ykkur meiru af því sem ég veit um sjálfræði.

Áður en við komum til jarðar kynnti himneskur faðir sálhjálparáætlunina – áætlun um að koma til jarðar og fá líkama, að velja í verki milli góðs og illis, og þroskast og verða líkari honum og lifa með honum að eilífu.

Sjálfræði okkar – getan til að velja og breyta sjálf – var nauðsynlegur liður í þessari áætlun. Án sjálfræðis gætum við ekki valið rétt og náð framþróun. Þó gátum við með sjálfræði okkar valið rangt, drýgt synd, og glatað því tækifæri að vera með himneskum föður á ný. Af þeirri ástæðu var okkur séð fyrir frelsara sem þjást myndi fyrir syndir okkur og endurleysa okkur, ef við iðruðumst. Með takmarkalausri friðþægingu sinni lagði hann fram „miskunnaráætlunina, til að mæta kröfum réttvísinnar.“⁴

Þegar faðirinn á himnum hafði kynnt áætlun sína, sté Lúsifer fram og sagði: „Send mig, ... ég mun endurleysa allt mannkyn, svo að ekki glatist ein sál, ... veit mér þess vegna heiður þinn.“⁵ Þessari áætlun hafnaði faðirinn, því að hún hefði neitaði okkur um sjálfræði.

Þá notaði Jesús Kristur, hinn „elskaði og útvaldi [sonur himnesks föður] frá upphafi,“

sjálfræði sitt og sagði: „Faðir, verði þinn vilji og þín sé dýrðin að eilífu.“⁶ Hann yrði frelsari okkar – frelsari heimsins.

Vegna uppreisnar Lúsifers hófst mikil andleg barátta. Sérhverju barni himnesks föður gafst tækifæri til að nota sjálfræðið sem hann hafði gefið þeim. Við völdum að setja trú okkar á frelsarann Jesú Krist – að koma til hans, fylgja honum, og samþykkja þá áætlun sem himneskur faðir hafði kynnt okkar vegna. En einn þriðji af börnum föðursins á himnum hafði ekki trú til að fylgja frelsaranum og valdi þess í stað að fylgja Lúsifer, eða Satan.⁷

Og Guð sagði: „Vegna þess að Satan reis gegn mér og reyndi að tortíma sjálfræði mannsins, sem ég, Drottinn Guð, hafði gefið honum, ... lét ég varpa honum niður.“⁸ Þeir sem fylgdu Satan glötuðu tækifæri til að hljóta dauðlegan líkama, lifa á jörðu og ná framþróun. Vegna þess hvernig þeir notuðu sjálfræði sitt, glötuðu þeir því.

Satan og fylgjendur hans hafa nú einungis kraft til að freista okkar og reyna okkur. Eina gleði þeirra er að gera okkur „jafn [vansæl] og [þeir eru sjálfir].“⁹ Einu hamingjuna hljóta þeir þegar við óhlýðnumst boðorðum Drottins.

En hugleiðið þetta: Í fortílverunni völdum við að fylgja frelsaranum, Jesú Kristi! Og vegna þess að við gerðum það var okkur leyft að koma til jarðar. Ég ber því vitni, að með því að velja eins hér á jörðu, að fylgja frelsaranum nú, munum við hljóta jafnvel enn stærri blessun í eilífðunum. En veri það ljóst: Við verðum áfram að velja að fylgja frelsaranum. Eilífðin er að veði, og skynsamleg notkun okkar á sjálfræðinu er okkur nauðsynleg til að hljóta eilíft líf.

Í öllu lífi sínu sýndi frelsarinn okkur hvernig við eigum að nota sjálfræði okkar. Sem drengur í Jerúsalem valdi hann ákveðið að „vera í húsi föður [síns].“¹⁰ Í þjónustu sinni valdi hann hlýðinn að „gjöra vilja föður [síns].“¹¹ Í Getsemane valdi hann að þjást fyrir alla og sagði: „Verði þó ekki minn heldur þinn vilji. [Þá birtist honum engill af himni, sem styrkti hann].“¹² Á krossinum valdi hann að elska óvini sína og bað: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra.“¹³ Og síðan, svo að hann gæti sannlega sýnt að hann valdi sjálfur, var hann skilinn eftir einn. „Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“ spurði hann.¹⁴ Að lokum notaði hann sjálfræði sitt til að sýna að hann stæðist allt til enda, þar til hann gat sagt: „Það er fullkomnað.“¹⁵

Þótt hans væri „freistað ... á allan hátt eins og vor,“¹⁶ notaði hann með hverju vali og allri sinni breytni það sjálfræði sitt að vera frelsari okkar – að leysa fyrir okkur hlekki syndar og dauða. Og með fullkomnu lífi sínu kenndi hann okkur, að þegar við veljum að gera vilja föður okkar á himnum, þá varðveitist sjálfræði okkar, tækifærin aukast og framþróun okkar heldur áfram.

Þessi sannleikur sannast víða í ritningunum. Job missti allt sem hann átti, en valdi samt að vera áfram trúfastur, og hann hlaut eilífar blessanir Guðs. María og Jósef völdu að fylgja viðvörðun engilsins og flýja til Egyptalands, og lífi frelsarans var borgið. Joseph Smith valdi að fylgja leiðsögn Morónís, og endurreisnin varð eins og spáð hafði verið. Alltaf þegar við veljum að koma til Krists, taka á okkur nafn hans og fylgja þjónum hans, heldur framþróun okkar áfram á leiðinni til eilífs lífs.

Á jarðneskri ferð okkar er gagnlegt að muna að andstæðurnar eru einnig sannar: Þegar við höldum ekki boðorðin eða fylgjum ekki rödd heilags anda, dregur það úr tækifærum

okkar; geta okkar til framkvæmda og framþróunar minnkar. Þegar Kain tók bróður sinn af lífi vegna þess að hann elskaði Satan meira en Guð, stöðvaðist andleg framþróun hans.

Í æsku minni lærði ég mikilvæga lexíu um hvernig gerðir okkar geta takmarkað frelsi okkar. Dag einn fól faðir minn mér að lakka viðargólf. Ég valdi að byrja við dyrnar og færa mig síðan *inn í herbergið*. Þegar ég var nærri búinn varð mér ljóst að ég komst engan veginn út. Það var enginn gluggi eða dyr á þeirri hlið. Ég hafði bókstaflega málað mig út í horn. Ég gat ekkert farið. Ég var afkráður.

Alltaf þegar við óhlýðnumst, málum við okkur andlega út í horn og erum fangar okkar eigin vals. En þótt við séum andlega afkróuð, er alltaf leið til baka. Líkt og iðrunin – kostar það mikla endurslípun og endurvinnslu – að snúa sér við og ganga yfir nýlakkað gólfíð! Að snúa aftur til Drottins er ekki auðvelt, en það er þess virði.

Þegar við skiljum áskorun iðrunar, verðum við þakklát fyrir blessanir heilags anda við að stýra sjálfræði okkar, og fyrir himneskan föður, sem styrkir og styður okkur í réttu vali. Við skiljum einnig hvernig hlýðni við boðorðin verndar að lokum sjálfræði okkar.

Þegar við til dæmis hlýðum Vísdomsorðinu, losnum við undan fjötrum lélegrar heilsu og ánetjunar þeirra efna sem bókstaflega ræna okkur getunni til að breyta sjálfstætt.

Þegar við hlýðum þeim ráðum að forðast skuldir og losa okkur úr þeim, notum við sjálfræði okkar og öðlumst frelsi til að nota handbærar tekjur til hjálpar og blessunar öðrum.

Þegar við fylgjum ráðum spámanna um að hafa fjölskyldukvöld, fjölskyldubæn og sameiginlegan lestur fjölskyldunnar á ritningunum, verður heimili okkar hvati að andlegum vexti barnanna. Þar kennum við þeim fagnaðarerindið, gefum vitnisburði okkar, látum í ljós ást okkar, og hlustum þegar þau segja frá tilfinningum sínum og reynslu. Með réttlátu vali okkar og breytni léttum við af þeim myrkrinu með því að auka getu þeirra til að ganga í ljósinu.

Falskenningar heimins varðandi sjálfræði eru margskonar. Margir segja: „Etið, drekkið og verið kát ... Og verðum vér sek fundin, mun Guð láta nokkur svipuhögg á oss dynja, en að lokum munum vér hólpin.“¹⁷ Aðrir umfaðma veraldarhyggjuna og afneita Guði. Þeir sannfæra sjálfa sig um að engar „andstæður séu ... í öllu,“¹⁸ og þess vegna sé „ekkert, sem maðurinn [tekur] sér fyrir hendur, glæpur.“¹⁹ Þetta „[gjörir] visku Guðs og eilíf áform að engu.“²⁰

Andstætt veraldlegri kennslu kenna ritningarnar okkur að við höfum sjálfræði, og að réttlátt notkun okkar á því sjálfræði skiptir ávallt miklu varðandi tækifærin sem við hljótum og getu okkar til að nota þau og ná eilífri framþróun.

Með spámanningnum Samúel gaf Drottinn Sál konungi til dæmis skýrt boðorð: „Drottinn sendi mig til þess að smyrja þig til konungs, [mælti Samúel] ... Hlýð því boði Drottins. ... Far því og vinn sigur á Amalek og helgaðu hann banni og allt, sem hann á.“²¹

En Sál fylgdi ekki fyrirmælum Drottins. Hann notaði það sem ég kalla „valda hlýðni.“ Hann treysti á eigin visku og hlífði lífi Agag konungs og tók með sér bestu sauðina, nautin og aðrar skepnur.

Drottinn opinberaði spámanninum Samúel þetta og sendi hann til að svipta Sál konungdómi. Þegar spámaðurinn kom sagði Sál: „Ég hefi framkvæmt boð Drottins.“²² En spámaðurinn vissi betur og sagði: „Hvaða sauðajarmur er það þá, sem ómar í eyru mér, og hvaða nautsöskur er það, sem ég heyrir?“²³

Sál afsakaði sig með því að skella skuldinni á aðra og sagði að fólkið hefði tekið skepnurnar til að fórna Drottni. Spámaðurinn svaraði: „Hefir þá Drottinn eins mikla velþóknun á brennifórnum og sláturfórnum eins og á hlýðni við boð sín? Nei, hlýðni er betri en fórn, gaumgæfni [gagnvart boðorðum Drottins] betri en feiti hrútanna.“²⁴

Að lokum játaði Sál og sagði: „Ég hefi syndgað, þar eð ég hefi brotið boð Drottins og þín fyrirmæli, en ég óttaðist fólkið og lét því að orðum þess.“²⁵ Vegna þess að Sál hlýddi ekki nákvæmlega – vegna þess að hann viðhafði valda hlýðni – glataði hann tækifærinu og sjálfræðinu að vera konungur.

Bræður mínir og systur, hlýðum við nákvæmlega rödd Drottins og spámanna hans? Eða tíðkum við, líkt og Sál, „valda hlýðni“ og óttumst dóm mannanna?

Ég viðurkenni að öll gerum við mistök. Ritningarnar kenna okkur: „Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.“²⁶ Fyrir þá sem áður hafa fjötrast óréttlátu vali, hafa málað sig út í horn, án allra blessana sjálfræðis síns, segi ég, að við elskum ykkur. Komið aftur! Komið úr myrku horninu og inn í ljósið. Jafnvel þótt þið þurfið að ganga yfir blautt og límkennt gólfið, er það þess virði. Treystið því „að fyrir friðþægingu Krists geti allir menn [þar á meðal þið og ég] orðið hólpnir með hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins.“²⁷

Þegar kom að stund friðþægingarinnar flutti frelsarinn hina miklu fyrirbæn og talaði um okkur öll þegar hann sagði: „Faðir, ég vil að þeir, sem þú gafst mér, séu hjá mér, þar sem ég er, svo að þeir sjái dýrð mína, sem þú hefur gefið mér.“²⁸ „En það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“²⁹

Ég ber sérstakt vitni um að þeir lifa. Þegar við notum sjálfræði okkar í réttlæti, lærum við að þekkja þá, verða líkari þeim, og búa okkur sjálf undir þann dag, þegar „sérhvert kné mun beygja sig og sérhver tunga gjöra [þá] játningu“³⁰ að Jesús sé frelsari okkar. Megum við áfram fylgja honum og eilífum föður okkar, eins og við gerðum í upphafi, þess bið ég í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. 2 Ne 2:26.
2. 2 Ne 2:27.
3. „Know This, That Every Soul Is Free,“ *Hymns*, nr. 240.
4. Alma 42:15.
5. HDP Móse 4:1.
6. HDP Móse 4:2.

7. Sjá K&S 29:36.
8. HDP Móse 4:3.
9. 2 Ne 2:27, sjá einnig 2 Ne 9:9.
10. Lúk 2:49.
11. 3 Ne 27:13.
12. Lúk 22:42–43.
13. Sjá Lúk 23:34.
14. Matt 27:46; Mark 15:34.
15. Jóh 19:30.
16. Hebr 4:15.
17. 2 Ne 28:8.
18. 2 Ne 2:11.
19. Alma 30:17.
20. 2 Ne 2:12.
21. 1 Sam 15:1, 3.
22. 1 Sam 15:13.
23. 1 Sam 15:14.
24. 1 Sam 15:22.
25. 1 Sam 15:24.
26. Róm 3:23.
27. TA 1:3.
28. Jóh 17:24.
29. Jóh 17:3.
30. Mósía 27:31.